



Til: Skipulagsstofnunar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Efni: Þróun vindorkukosta á Brekknaheiði og Sauðaneshálsi, framkvæmdaraðili wpd Ísland ehf.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar vill koma því á framfæri við Skipulagsstofnun að fyrirhuguð uppbygging vindorku á Brekknaheiði og Sauðaneshálsi samræmist að öllu leyti gildandi [stefnumótun í atvinnu- og orkumálum](#) og verkefnið þróað í góðu samráði við sveitarfélagið.

Það er stefna sveitarfélagsins að efla fjölbreytt atvinnulíf, styðja við núverandi fyrirtæki og skapa ný tækifæri til framtíðar. Sveitarstjórn lýsir því yfir stuðningi við framgöngu verkefnisins, enda er aukin orkuvinnsla á svæðinu lykilforsenda frekari atvinnuuppbyggingar og ýtir þannig undir efnahagslegan stöðugleika.

Verkefnið er jafnframt til þess fallið að styðja við markmið stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku til Langanesbyggðar, sem kemur til með að auka afhendingargetu og afhendingaröryggi raforku í landshlutanum.

Sveitarfélagið sér hag sinn og íbúa sveitarfélagsins í því að skipulags- og leyfisferli framkvæmda gangi hratt en örugglega fyrir sig, þannig að hægt sé að undirbúa önnur uppbyggingarverkefni innviða sem treysta á framleiðslu og notkun raforku.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Langanesbyggðar

Sigurður Þór Guðmundsson, oddviti